

júní
2013

Deiliskipulag Skútar í
Hörgársveit - Umhverfisskýrsla



INNIHALD

1	Inngangur	3
1.1	Yfirlit.....	3
1.2	Tilgangur, áherslur og aðferð	4
1.3	Tengsl við aðrar áætlanir	4
1.4	Staðhættir á skipulagssvæði	5
2	Umfang og áherslur í mati á umhverfisáhrifum.....	6
2.1	Umfang og aðferðir	6
2.2	Umhverfisviðmið, einkenni og vægi áhrifa	7
2.3	Valkostir	9
3	Mat á umhverfisáhrifum	10
3.1	Grunnástand umhverfis	10
3.2	Vistkerfi	10
3.3	Náttúru og menningarminjar	10
3.3.1	Jarðmyndanir og jarðfræði.....	10
3.3.2	Fornleifar.....	11
3.4	Landslag og sjónrænir þættir	12
3.5	Hagrænir og félagslegir þættir	12
3.5.1	Samfélag.....	12
3.6	Heilsa og öryggi	13
3.6.1	Samgöngur	13
3.6.2	Hljóðvist og sandfok.....	13
3.7	Mat á umhverfisáhrifum núllkosta.....	14
4	Vöktun.....	15
5	Samantekt og heildaráhrif	15
6	Kynning og samráð.....	16
7	Heimildir.....	17
	Viðauki I Sniðmyndir af fyrirhugaðri grjótnámu	19
	Viðauki II Tengsl grunnástands og umhverfisþátta ásamt umhverfisvísunum	20

Töfluskrá

Tafla 1: Tengsl deiliskipulags við aðrar áætlanir	5
Tafla 2: Umhverfisþættir sem lagt er mat á	6
Tafla 3: Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins	7
Tafla 4: Umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati í umhverfisskýrslu	8
Tafla 5: Umhverfisáhrif deiliskipulags og núllkosta	16

Myndaskrá

Mynd 1: Yfirlitsmynd sem sýnir fornleifar í nágrenni áætlaðs skipulagssvæðis	11
--	----

1 Inngangur

Deiliskipulag þetta nær yfir hluta Moldhaugaháls í landi Skúta, Moldhauga og Tréstaða. Deiliskipulagið, sem gerir ráð fyrir efnistökusvæði og iðnaðarsvæði, samræmist gildandi Aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026[14].

Deiliskipulag er háð umhverfismati í þeim tilvikum þegar það fjallar um landnotkun og fyrirhugaðar eru framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. eða 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000. Innan þessarar deiliskipulagstillögu er gert ráð fyrir framkvæmd sem fellur undir lið 21 í viðauka 1: „Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri.“ [2]

Þá er efnistaka óheimil samkvæmt lögum nr. 44/1999 m.s.br. um náttúruvernd, nema fyrir liggi framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Forsenda slíkrar leyfisveitingar er m.a að framkvæmdin sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir [1].

Markmið með deiliskipulaginu er að útfæra gildandi aðalskipulag með afmörkun lóða, gerð skilmála um hús, húsgerðir o.fl. á iðnaðarsvæðinu og efnistökusvæði.

Umrædd framkvæmd er þegar í ferli mats á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. lögum nr. 106/2000. Til nánari glöggvunar á markmiðum áætlunarinnar vísast í uppdrátt og greinargerð í drögum að deiliskipulagstillögu.

1.1 Yfirlit

Deiliskipulagið nær yfir um 440 ha svæði þar sem gert er ráð fyrir efnistöku í grjótnámu á 17 ha svæði innan deiliskipulagssvæðisins og byggingum á skilgreindu iðnaðarsvæði. Áætluð efnistaka nemur 5.000.000 m³ til næstu 50 ára. Allt svæðið verður afgirt; girðing ásamt vegslóða verður meðfram landamerkjum. Stærstur hluti landsins verður þannig tekinn úr landbúnaðarnotkun en ekki raskað vegna framkvæmda.

Efnistökusvæðið að Skútum/í Moldhaugahálsi er þegar í umhverfismatsferli skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000 og hefur tillaga að matsáætlun þegar verið samþykkt.

Skipulagssvæðið nær yfir hluta lands Tréstaða ofan Hringvegar, alls 0,8 ha, hluta lands Moldhauga ofan Hringvegar, alls 34 ha og land Skúta sem er alls 405 ha. Landhæðir eru frá 80 m og upp í 540 m og hallar landinu upp frá norðri til suðurs. Landið er í eigu Skútabergs ehf. sem er framkvæmdaaðili námusvæðisins.

Í landi Moldhauga er gert ráð fyrir geymslusvæði þar sem 2-3 skemmum er komið fyrir og verða þær að hámarki samtals 1000 m². Vestan þessa svæðis er gert ráð fyrir vinnubúðum ásamt bílavog. Vestar á svæðinu er gert ráð fyrir verkstæðishúsi sem verður þjónustuhús fyrir væntanlega grjótnámu sem tekur yfir u.þ.b. 17 ha. svæði. Væntanlegt grjótnám er að hálfu í landi Moldhauga og hálfu í landi Skúta en efnislager er staðsettur í landi Moldhauga. Um er

að ræða stækkun á gamalli grjótnámu. Vísað er í greinargerð með drögum að uppdrætti til frekari upplýsinga þar sem gerð er grein fyrir nauðsynlegum leyfum vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á deiliskipulagssvæðinu, mannvirkjum og helstu kennistærðum þeirra ásamt vegslóðum og vengtengingum. Þörf er á hagnýtu efni á Eyjafjarðarsvæðinu og hafa efnisrannsóknir framkvæmdaaðila gefið til kynna að efni sem fæst úr námunni sé mjög slitþolið og henti því mjög vel í margvíslegar framkvæmdir.

1.2 Tilgangur, áherslur og aðferð

Megintilgangur umhverfisskýrslu með deiliskipulagi er að greina frá helstu mögulegum umhverfisáhrifum sem tillagan er líkleg til að hafa á umhverfi, ásamt mótvægisáðgerðum og tillögu á vöktun ef þörf er á.

Markmið laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða, (1. gr.) [6]. Markmiðið með matsvinnunni er einnig að sýna fram á að við gerð deiliskipulagsins hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið, byggt á fyrirliggjandi gögnum.

1.3 Tengsl við aðrar áætlanir

Deiliskipulagið samræmist stefnumiðum í Aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 um færri en stærri efnistökusvæði, markmiðum um landnotkun og efnistöku. Svæðið innan deiliskipulagstillögunnar sem áætlað er að stækkun efnistökkunnar nái til er skilgreint sem iðnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi.

Ekkert svæðisskipulag er í gildi fyrir svæðið en vinna stendur yfir við nýtt svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 og samræmist tillagan markmiðum í drögum að því [23]. Tengsl við aðrar áætlanir má sjá í töflu 1.

Tafla 1: Tengsl deiliskipulags við aðrar áætlanir

Heiti áætlunar	Hvernig tengist áætlun tillögu að nýrri áætlun
Aðalskipulag Hörgársveitar 2006-2026	Svæðið samræmist áætlunum um landnotkun Áætlunin samræmist markmiðum ASK um „færri og stærri efnistökusvæði“ Áætlunin samræmist ekki markmiðum ASK um fækkun heimreiða Stærð efnistökusvæðis er í samræmi við afmörkun í ASK
Svæðisskipulag Eyjafjarðar	Ekkert svæðisskipulag fyrir Eyjafjörð er í gildi. Áætlunin samræmist tillögum í drögum að nýju Svæðisskipulagi.
Fornleifaskrá	Skráðar fornleifar eru í nágrenni deiliskipulagssvæðisins.
Staðardagskrá 21	Deiliskipulagsáætlunin samræmist áformum sveitarfélagsins í Staðardagskrá 21 um sjálfbæra þróun.
Samgönguáætlun 2003-2014	Áætlunin samræmist ekki markmiðum samgönguáætlunar um meginmarkmið og grunnnet samgangna um fækkun heimreiða. Vegtengingar skulu hannaðar í samráði við Vegagerðina.
Hættumat vegna ofanflóða	Svæðið er ekki á skilgreindu hættusvæði
Náttúruminjaskrá	Engin svæði á náttúruminjaskrá eru innan deiliskipulagssvæðisins.
Náttúruverndaráætlun	Svæði, einstakar tegundir eða vistkerfi innan skipulagssvæðisins er ekki að finna á Náttúruverndaráætlun 2004-2008 eða 2009-2013.
Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir plöntur og dýr	EKKI er vitað um neinar tegundir á válistum innan skipulagssvæðisins, ein sjaldgæf tegund finnst innan þess.
Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga	Engir birkiskógar eru innan deiliskipulagssvæðisins.
Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku Samfélagi - Stefnumörkun til 2020.	Áætlunin samræmist markmiðum um sjálfbæra þróun, m.a. markmiðum í kafla 8 um vernd sérstæðra jarðmyndana og efnistökusvæði.

1.4 Staðhættir á skipulagssvæði

Svæðið sem deiliskipulagið nær til er á Moldhaugahálsi í Hörgársveit, í um 10 km fjarlægð frá Akureyri. Deiliskipulagið nær yfir hluta jarðanna Skúta, Moldhauga og Tréstaða. Hluti Moldhaugaháls er innan tillögunar sem gerir ráð fyrir iðnaðarsvæði og efnistökusvæði fyrir grjótnám á svæðinu, auk þess sem svæðið er nýtt til búfjárbætur fyrir búsmala á aðliggjandi jörðum á ógirtu landi. Þórustaðarétt er notuð til hefðbundinna nota. Nokkrar gamlar námur eru í jökulruðningnum fram við brekkurótina, ofan og austan Þórustaðaréttar. Aðkoma er í gegnum land Moldhauga sem er í eigu Skútabergs ehf.

2 Umfang og áherslur í mati á umhverfisáhrifum

2.1 Umfang og aðferðir

Þverfaglegt teymi sem samanstóð af sérfræðingum, íbúum nærliggjandi jarða og fulltrúum framkvæmdaaðila greindu í samráði við fulltrúa sveitarstjórnar möguleg umhverfisáhrif tillögunnar. Við matið er notast við fyrirliggjandi gögn og upplýsinga, þ.e. Válista Náttúrufræðistofnunar fyrir plöntur og dýr [16,17&31], Plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar [15], skýrslu Náttúrufræðistofnunar um gróður á svæðinu [13] og upplýsingar úr Aðalskipulagi Hörgársveitar [14], auk jarðfræðikorta [11] og gagna sem aflað hefur verið í tengslum við framkvæmdir sem þegar eru á svæðinu. Þá voru Fornleifaskráningar [9&19] nýttar og skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands um framtíðarefnistökusvæði í Eyjafirði [10].

Í upphafi vinnu við deiliskipulagsgerðina var lagt mat á hvaða umhverfisþætti væri nauðsynlegt að skoða m.t. umhverfisáhrifa, hversu ítarlegt matið skyldi vera og hvaða viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar. Haft var samráð við Skipulagsstofnun og óskað eftir umsögn stofnunarinnar um umfang og áherslur í matinu. Þeir þættir sem fjallað er um í þessu mati eru :

- Vistkerfi
- Náttúru- og menningarminjar
- Landslag
- Hagrænir og félagslegir þættir
- Heilsa og öryggi

Þessir þættir eru sundurgreindir frekar eins og sjá má í töflu 2. Þessi flokkun er í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Tafla 2: Umhverfisþættir sem lagt er mat á

Umhverfisþáttur	1. undirflokkur	2. undirflokkur
Vistkerfi	Líf á landi	Gróður, fuglar og dýr
Náttúru- og menningarminjar	Náttúruminjar Menningarminjar	Friðlýst svæði og svæði á náttúruverndaráætlun Aðrar náttúruminjar Fornleifar
Landslag	Náttúrulegt landslag	Landslag Sjónræn áhrif
Hagrænir og félagslegir þættir	Efnahagur og atvinnulíf	Samfélag
Heilsa og öryggi	Óþægindi Samfélagsöryggi	Hljóðvist og sandfok Umferð

Umhverfisverndarmarkmið sem liggja til grundvallar skipulagsbreytingunni eru í samræmi við markmið skipulagslaga þ.e.: *að þróun byggðar og landnotkun hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir að leiðarljósi. Miðað er að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, varðveislu náttúru- og menningarminja og að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu* [7].

Verndarmarkmið til grundvallar matinu eru einnig að almennt er æskilegt að nám jarðefna fari fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námasvæðum eftir því sem hægt er. Fáar stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar, auk þess sem minni hætta er á að sérstæð náttúruyrirbæri verði fyrir skemmdum. Þetta er í samræmi við áætlun um sjálfbæra þróun á landsvísu [34], gildandi aðalskipulag Hörgárbyggðar þar sem stefnan er að námur í landi sveitarfélagsins séu færri og þá stærri[14], sem og Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 sem er í vinnslu [24].

2.2 Umhverfisviðmið, einkenni og vægi áhrifa

Samkvæmt skilgreiningu laga um umhverfismat áætlana nr. 106/2000 er umhverfi: „*Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta*“.

Áhrif sem skipulagsáætlanir geta haft á umhverfisþætti geta verið veruleg eða óveruleg, jákvæð eða neikvæð, tímabundin eða varanleg. Hér er fjallað um möguleg áhrif skipulagstillögunnar á þá umhverfisþætti sem við greiningu eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmd hennar og fjallað um þau umhverfisáhrif sem líklegt er að áætlunin muni valda. Í umfjöllun um hvern þátt fyrir sig er einnig fjallað um þær mótvægisáðgerðir sem líklegar eru til að draga úr neikvæðum áhrifum. Þá er gerð grein fyrir þeim þáttum þar sem þörf er á vöktun.

Grunnástandi þeirra umhverfisþátta sem taldir eru verða fyrir áhrifum af tillögunni voru gerð skil í lýsingu og matslýsingu með skipulagstillögunni.

Niðurstöður umhverfismats á fyrirhugaðri áætlun ásamt áhrifum af núllkosti eru sett fram í texta og venslatöflum.

Tafla 3: Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins

+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.
0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.
Ó	Óviss áhrif á umhverfisþátt.

Í töflu 4 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati deiliskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Tafla 4: Umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati í umhverfisskýrslu

Umhverfis- viðmið	Stefnuskjöl	Lýsing
Alþjóðleg stefna	Ramsarsamningur um votlendi	Verndun votlendis
	Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Verndun líffræðilegrar fjölbreytni
Lög	Skipulagslög nr. 123/2010	1. gr. 2. mgr. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Um efnistöku gilda ákvæði 13. greinar skipulagslaga um framkvæmdaleyfi.
	Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd	Um efnistöku gilda ákvæði VI kafla laganna, greinar 45 - 49.
	Lög nr. 80/2012 um menningarmínjar	Bent er á á 2. mgr. 24. gr. sem hljóðar svo: <i>Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.</i>
	Lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006	1 gr. Að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlunargerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.
Reglugerðir	Reglugerð nr. 724/2008	Reglugerð um hávaða
	Reglugerð nr. 400/1998	Skipulagsreglugerð
	Reglugerð nr. 785/1999	Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
	Reglugerð nr. 787/1999	Reglugerð um loftgæði

<p>Skipulags- áætlanir</p>	<p>Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026</p> <p>Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2010- 2024</p>	<p>Svæðið er skipulagt undir iðnaðarstarfsemi og efnistöku á Aðalskipulagi. Markmið um efnistökusvæði: <i>a. Almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistörustöðum</i> Markmið um þjóðminjaverndarsvæði: <i>Taka skal tillit til skráðra fornleifa áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmda-leyfisskyldar framkvæmdir.</i></p> <p>Moldhaugaháls er eitt af framtíðarefnistökusvæðum í Eyjafirði.</p>
<p>Annað</p>	<p>Velferð til framtíðar. Stefnumörkun Íslands um sjálfbæra þróun</p> <p>Náttúruverndar- áætlun 2004- 2008</p> <p>Náttúruverndar- áætlun 2009- 2013.</p> <p>Válisti fyrir plöntur og dýr</p>	<p><i>Æskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námasvæðum; fáar og stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar, auk þess sem minni hætta er á að sérstæð náttúruyfyrirbæri verði fyrir skemmdum.</i></p> <p>Áætlanir sem miða að því að koma upp neti verndarsvæða til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu og að friða náttúruleg landsvæði til náttúruverndar, vísindarannsókna, vöktunar og útivistar.</p> <p>Plöntur og dýr í útrýmingarhættu sem ber að vernda.</p>

Önnur stefnuskjöl sem höfð voru til viðmiðunar við mat á umhverfisáhrifum eru:

- Samgönguáætlun 2003-2014
- Tillögur um Vernd og endurheimt birkiskóga (2007)
- Svæði án kjarnorkuvopna í Hörgárbyggð
- Staðardagskrá 21 fyrir Hörgárbyggð, maí 2006
- Hættumat vegna ofanflóða
- Plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar
- Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana, umfang og áherslur í umhverfismati (leiðbeiningablað 10) og Umhverfisskýrsla (leiðbeiningablað 11)

2.3 Valkostir

Núllkostur er að landnotkun á svæðinu verði með óbreyttum hætti og ekki verði gert ráð fyrir efnistöku á svæðinu. Það er andstætt stefnu sveitarfélagsins að fjölga námasvæðum og opna

ný og því eru ekki settir fram valkostir um aðra staðsetningu. Við mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins er því hér um að ræða samanburð við áhrif óbreyttrar landnýtingar.

3 Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisáhrif vegna efnistöku munu fara talsvert eftir vinnsluáætlun, frágangi og skipulagi framkvæmdarinnar. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er á lokastigum og verður frummatsskýrslu skilað inn til Skipulagsstofnunar á haustdögum 2012.

3.1 Grunnástand umhverfis

Í lýsingu og matslýsingu var ítarlega gerð grein fyrir grunnástandi á deiliskipulagssvæðinu með áherslu á þá umhverfisþætti sem líklegir voru taldir til að vera fyrir áhrifum af framkvæmd deiliskipulagsins.

3.2 Vistkerfi

Framkvæmdasvæðið hefur ekki sérstöðu hvað varðar tegundafjölbreytni í gróðurfari og í heild sinni telst gróðurfar líkt og annað fullgróið land á Eyjafjarðarsvæðinu. Ein tegund, bjöllulilja (*Pyrola grandiflora*) er fremur sjaldgæf í Eyjafirði. Aðalútbreiðslusvæði hennar eru í Þingeyjarsýslum en tegundin er nokkuð algeng uppi á Moldhaugahálsi og á Heiðarhúshálsi ofan við Skúta. Skráðir fundarstaðir bjöllulilju eru fjórir á svæðinu [15]. Plöntusamfélög sem eru á svæðinu þ.m.t á votlendi og mosabreiður munu verða fyrir beinum áhrifum vegna rasks. Slíkt gróðurfar telst þó ekki sérstætt

Efnistaka getur almennt haft bein neikvæð áhrif á búsvæði fugla. Þau búsvæði þar sem efnistakan er fyrirhuguð, eru ekki sjaldgæf á svæðis- eða landsvísu. Fuglalíf er í meðallagi fjölbreytilegt og sambærilegt gróðurlendi er að finna á stórum svæðum í nágrenni skipulagssvæðisins. Ekki er vitað til að sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista verpi innan skipulagssvæðis.

Hljóðmengun frá efnistökusvæðum getur fælt fugla frá því svæði tímabundið meðan vinnsla stendur yfir. Bein áhrif efnistökkunnar á fuglalíf eru því takmörkuð að umfangi.

Vægi áhrifa: óveruleg

3.3 Náttúru og menningarminjar

3.3.1 Jarðmyndanir og jarðfræði


Engin svæði á Náttúruvinnjaskrá eða á Náttúruverndaráætlun er að finna á skipulagssvæðinu, né heldur sérstæð jarðfræðileg fyrirbæri. Verndargildi jarðmyndana telst því ekki hátt. Grjótnám úr jarðmyndunum sem eru á skipulagssvæðinu telst ekki sjálfbær efnistaka. Svæðið er talið ákjósanlegt framtíðarefnistökusvæði í Eyjafirði m.t.t. jarðfræði.

Æskilegt að efnisnám sé skipulagt með það að markmiði að viðhalda landslagsheildum eins og mögulegt er við frágang. Lagt er til að sérkennilegum jarðmyndunum verði hlíft eins og kostur er þegar efnistaka er skipulögð.

Vægi áhrifa: óveruleg

3.3.2 Fornleifar

Engar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins, en tvær fornminjar eru í nágrenni við það, þ.e. Þórustaðir sem er fornt eyðibýli og Mjóalág sem er merki um leið (mynd 1). Ekki er um að ræða friðlýstar fornleifar, eða fornleifar sem taldar eru hafa hátt verndargildi.



Mynd 1: Yfirlitsmynd sem sýnir fornleifar í nágrenni áætlaðs skipulagssvæðis

Bent er á á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Ofangreint skal haft í huga ef fornleifar finnast á svæðinu.

Vægi áhrifa: óveruleg

3.4 Landslag og sjónrænir þættir

Landslag og sérstaklega sjónrænir þættir verða fyrir áhrifum vegna deiliskipulagsins. Svæðið er sýnilegt af Hringvegi en mestra sjónrænna áhrifa gætir af Ólafsfjarðarvegi (nr. 82). Landslag á svæðinu telst einkennalítið og verndargildi landslags ekki mikið. Beinna áhrifa á landslag gætir þegar á Moldhaugahálsi og aukin efnistaka mun stækka raskað svæði til SV út frá núverandi námu. Áhrif á náttúrulegt yfirbragð landslags á Moldhaugahálsi munu aukast þar sem mikið efni er tekið úr hálsinum.

Áhrif á landslag og landslagsheild eru mest áberandi meðan á efnistöku stendur. Til að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar á rekstrartíma verður svæðinu skipt í minni svæði og ofanafmökstur nýttur eins og kostur er til að draga úr sjónrænum áhrifum, s.s. í jarðvegsmönnum eða haugum. Eftir efnistöku og frágang skal móta landslag að nærliggjandi landslagi eins og kostur er til að draga úr sjónrænum áhrifum til lengri tíma litið.

Í þessari áætlun er gert er ráð fyrir efnistöku á allt að 17 ha svæði, og samkvæmt sniðmyndum er gert ráð fyrir lækku lands að efnistöku lokinni um 5-50 m (Sjá viðauka I). Við svo mikla efnistöku má gera ráð fyrir neikvæðum áhrifum á landslag og sjónræna þætti.

Vægi áhrifa: neikvæð

3.5 Hagrænir og félagslegir þættir

3.5.1 Samfélag

Nauðsynlegt er að hafa aðgengi að góðu efni til uppbyggingar í nágrenninu. Staðsetning námunnar er af hinu góða að þessu leyti, þar sem flutningur efnis verður minni en ef sækja þarf efnið um lengri veg. Áhrif efnistökkunnar á frístundahúsalóðir í nágrenni geta verið bæði jákvæð og neikvæð. Nálægð við námu getur verið kostur þar sem stutt er í efni í vegi og grunna, en hinsvegar getur aukin umferð vegna malarflutninga verið ókostur. Fjarlægð að efnistökusvæðinu er það mikil að telja má fullvíst að þau áhrif verði einkum sjónræns eðlis. Áhrif efnistökkunnar á skógrækt á Moldhaugum eru talin óveruleg, þar sem um er að ræða nytjaskógrækt. Möguleg óþægindi af framfylgd tillögunnar á samfélag felast einkum í ónæði af völdum námustarfseminnar, umferðar flutningabíla og hávaða, sem og í óþægindum vegna sandfoks sem getur borist úr námunni við ákveðnar aðstæður. Með ákvæðum í vinnsluáætlun þar sem t.d. er dregið úr starfsemi á hátíðisdögum og jafnvel um helgar getur dregið úr þessum áhrifum.

Svæðið er í dag nýtt til úthagabeitar fyrir búsmala á nærliggjandi jörðum og er svæðið ógirt. Í deiliskipulaginu er kvöð þess efnis að hefðbundin slepping búfjár verði heimil frá deiliskipulagssvæðinu, svo og kvöð um að búfé komist um svæðið frá afrétt að Þórustaðarétt. Það verður gert m.a. með því að setja hlið á girðingu umhverfis skipulagssvæðið. Slíkar breytingar geta haft neikvæð áhrif á samfélag, en mögulegar mótvægisáðgerðir eru kvaðir

Þess efnis að sprengingar og almenn starfsemi í námunni séu í lágmarki á vissum dögum s.s. á haustin þegar smölun fer fram og á réttardögum. Með því er neikvæðum áhrifum á menn og búfé haldið í lágmarki.

Vægi áhrifa: jákvæð

3.6 Heilsa og öryggi

3.6.1 Samgöngur

Akstur efnis frá efnistökuastað er meðal þeirra þátta sem geta haft áhrif á umhverfi. Þar sem markaðssvæði þessarar námu er Eyjafjarðarsvæðið allt, má gera ráð fyrir að mest af efnisflutningum úr námunni fari um Hringveg. Samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar á umferð um Norðurlandsveg við mælistöð í Kræklingahlíð var umferð árið 2010 að meðaltali 1437 ökutæki á sólarhring á akrein til suðurs og 1445 á akrein til norðurs (ÁDU) [37]. Á árinu 2010 urðu alls 6 umferðaróhöpp á vegarkaflanum frá Ólafsfjarðarvegi til og með hringtorgi við Lónsbakka [34]. Hlutfall þungaumferðar mældist 6,7% á þessum vegi árið 2009 [38]. Ekki er talið að hlutfall þungaumferðar fari yfir 10% þrátt fyrir aukna þungaumferð af völdum efnisflutninga úr námunni, en miðað er við 10% þungaumferð við hönnun og lagningu á stofn- og tengivegum.

Aðkoma inn á skipulagssvæðið er frá Hringvegi í landi Moldhauga sem er í eigu Skútabergrs ehf. Samráð hefur verið haft við Vegagerðina um gerð nýrrar tengingar og er þar gert ráð fyrir inn- og útkeyrslu. Vegir innan skipulagssvæðis sem og heimreið að Skútum eru lagaðir að þessari tengingu.

Nálægð efnistökusvæðis við markaðssvæði minnkar umhverfisáhrif af flutningum og eykur öryggi.

Vægi áhrifa: óveruleg

3.6.2 Hljóðvist og sandfok

Efnistökuinni á Skútum getur fylgt nokkur hávaði. Vegna fjarlægðar frá efnistökusvæðinu að byggð og frístundabyggð og þess að sjónlína er ekki óhindruð, er þó talið að áhrif á hljóðvist frá efnistökusvæðinu verði óveruleg. Akstur efnisflutningabíla mun hafa í för með sér aukinn hávaða meðfram Hringvegi en miðað við gefnar forsendur um að hönnun og lagning vegarins uppfylli skilyrði um burðarþol og fjarlægð frá byggð er talið að áhrif á hljóðvist vegna þeirrar auknu þungaumferðar sem hlýst af efnisflutningum úr námunni verði óveruleg.

Vegna fjarlægðar efnistökusvæðis og vega frá frístundabyggð og næstu íbúðabyggð er talið að áhrif af sandfoki verði einkum sjónræn eðlis og hafi ekki teljandi áhrif á loftgæði. Framkvæmdaaðili mun draga úr líkum á sandfoki með uppgræðslu svæðis jafnóðum, s.s. með því að sá í ofanafmökstur.

Vægi áhrifa: óveruleg

3.7 Mat á umhverfisáhrifum núllkosts

Núllkostur er engin efnistaka fari fram á svæðinu. Núllkostur gæti leitt til skorts á jarðefnum á Eyjafjarðarsvæðinu þar sem náma í Moldhaugahálsi er talin ein stærsta jarðefnanáman á svæðinu. Eftirspurn eftir slíku efni sveiflast í takt við efnahagsástand en er þó talsverð á hverju ári. Ef ekki verður af efnistöku á deiliskipulagssvæðinu er ljóst að leita þarf á nýjar slóðir eftir líkum efnum. Við mat á umhverfisáhrifum núllkosts eru teknir til skoðunar sömu umhverfisþættir og skoðaðir eru fyrir deiliskipulagið sem hér er til umfjöllunar.

Vistkerfi: Auka þyrfti efnistöku annars staðar til að anna eftirspurn eftir jarðefnum.

Vægi áhrifa: óveruleg

Náttúru og menningarminjar

Jarðmyndanir og jarðfræði

Núverandi landnotkun raskar ekki jarðmyndunum. Verndargildi telst ekki mikið enda ekki um sérstæð náttúrufyrirbæri að ræða.

Vægi áhrifa: óveruleg

Fornleifar

Menningarminjar hafa ekki fundist við núverandi landnotkun. Í næsta nágrenni skipulagssvæðisins eru fáar minjar og varðveislugildi þeirra lítið.

Vægi áhrifa: óveruleg

Landslag og sjónrænir þættir

Núverandi landnotkun hefur nú þegar valdið einhverju áhrif, einkum á sjónræna þætti. Efnistaka annars staðar hefði óhjákvæmilega áhrif á landslag og sjónræna þætti.

Vægi áhrifa: neikvæð

Hagrænir og félagslegir þættir

Samfélag:

Að því gefnu að landnotkun haldist óbreytt, mun svæðið áfram vera ógirt sem hefur í för með sér að beitarhagi fyrir búfé skerðist ekki. Verðmæt vara úr námu á svæðinu færi forgörðum og aðgengi að jarðefnum yrði hugsanlega minna þar sem óvíst er hvar næsta jarðefnanáma yrði opnuð og þar með óljós kostnaður og umhverfisáhrif sem felast í flutningi efna um lengri veg.

Vægi áhrifa: neikvæð

Heilsa og öryggi

Samgöngur

Umferð er lítil til og frá námunni og felst einkum í þungaumferð. Við lokun námunnar leggst núverandi umferð af og hefur jákvæð áhrif á nánasta umhverfi. Ekki er vitað hvar

námuvinnsla mun aukast í staðinn eða hversu mikinn aukinn eða minnkaðan akstur það hefur í för með sér. Jákvæð staðbundin áhrif á lokun þessarar námu gætu haft í för með sér neikvæð áhrif við aukna efnistöku á nýju efnistökusvæði.

Vægi áhrifa: jákvæð

Hljóðvist og sandfok

Hugsanleg áhrif vegna hávaða af efnistökusvæðinu hverfa ef um enga efnistöku verður að ræða. Sama gildir um áhrif vegna sandfoks, sem einkum eru talin sjónræn. Vegna fjarlægðar efnistökusvæðis frá byggð og útivistarsvæðum eru slík áhrif þó talin lítil, og óvíst hver áhrif á þessa þætti verða ef nýr efnistökuastaður verður tekinn í gagnid.

Vægi áhrifa: jákvæð

4 Vöktun

Vakta þarf rykmengun og hljóðmengun m.t.t. áhrifa á samfélag og aðrar atvinnugreinar s.s. frístundabyggð og landbúnað. Námuvinnsla getur fylgt talsverð rykmengun við vissar veðurfarslegar aðstæður og er æskilegt að fylgst sé með því. Ef neikvæðra áhrifa verður vart verði gripið til viðeigandi aðgerða s.s. stillingar og viðgerða á tækjum og vinnuvélum, vökvunar rykskýja, farms og vegslóða, og hugsanlega tímabundinnar vinnslustöðvunar. Hafa þarf samráð við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun um ákvarðanir um viðbrögð. Samhliða vöktun verði tækjabúnaður yfirfarinn reglulega. Ef í ljós koma neikvæð umhverfisáhrif af framkvæmdum verði verkferlar endurskoðaðir og vinnsla úr námu jafnvel stöðvuð þar til ljóst er hvað veldur og úrbætur hafa verið gerðar.

5 Samantekt og heildaráhrif

Mat á einstökum markmiðum deiliskipulagsins og samanburður kosta er hér sett fram í venslatöflum. Hér er um að ræða gróft mat á umhverfisáhrifum einstakra markmiða deiliskipulagsins miðað við tiltekna umhverfisvísa sem gefa eiga mynd af helstu umhverfisþáttum á skipulagssvæðinu (tafla 5).

Á efnistökusvæðinu er deiliskipulagið talið hafa neikvæð áhrif á landslag og sjónræna þætti. Bein áhrif efnistökkunnar eru á afmörkuðu svæði auk þess að gera má ráð fyrir jarðraski allt að 100 m út fyrir skipulagssvæðið. Sjónrænna áhrifa gætir víða, s.s. á Hringvegi og Ólafsfjarðarvegi. Með góðu skipulagi efnistökkunnar á rekstartíma og vönduðum frágangi svæðisins að loknum vinnslutíma má milda umhverfisáhrif með mótvægisáðgerðum s.s. landslagsmótun og uppgræðslu. Áhrif efnistökkunnar á samfélag eru metin jákvæð þar sem svæðið er metið ákjósanlegt framtíðarefnistökusvæði fyrir Eyjafjörð og óvíst hvar unnt er að finna sambærilegt svæði til grjótnáms. Heildarniðurstaða umhverfismatsins er að líkleg umhverfisáhrif deiliskipulagsins verði óveruleg sé tekið tillit til þeirra mótvægisáðgerða m.a. um frágang svæðisins sem lagðar eru til í skýrslunni.

Tafla 5: Umhverfisáhrif deiliskipulags og núllkosta

VALKOSTIR	Umhverfisþættir sem deiliskipulagstillagan hefur áhrif á							
	Vistkerfi	Náttúru og menningarminjar		Landslag og sjónrænir þættir		Hagrænir og félagslegir þættir	Heilsa og öryggi	
		Gróður og fuglar	Jarðfræði/jarðmyndanir	Fornleifar	Landslag	Sjónrænir þættir	Samfélag	Samgöngur
Nýtt deiliskipulag	0	0	0	-	-	+	0	0
Óbreytt staða (Núllkostur)	0	0	0	-	+	-	+	+

6 Kynning og samráð

Matsvinna var unnin samhliða deiliskipulagsvinnu. Við matsvinnu var litið til þeirra áhrifa sem deiliskipulagið getur haft á umhverfið sbr. matslýsingu. Lýsing á skipulagsverkefninu ásamt matslýsingu var send til Skipulagsstofnunar í apríl 2012 með ósk um samráð um umfang umhverfisskýrslu í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Skipulagsstofnun gerði nokkrar athugasemdir og ábendingar um áframhaldandi matsvinnu (bréf dags.16.05.2012).









Deiliskipulagstillagan verður kynnt í samræmi við 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga áður en sveitarstjórn samþykkir hana og meðfylgjandi umhverfisskýrslu til auglýsingar. Tillagan verður auglýst og gerð aðgengileg á heimasíðu Hörgársveitar www.horgarsveit.is og UMÍS ehf. Environice www.umis.is. Að kynningartíma loknum verður tillagan ásamt umhverfisskýrslu send til Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar til umsagnar áður en sveitarstjórn afgreiðir áætlunina endanlega.

7 Heimildir

1. Alþingi 1999. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
2. Alþingi 2000. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
3. Alþingi 2012. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
4. Alþingi 2003. Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014.
5. Alþingi 2005. Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008.
6. Alþingi 2006. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
7. Alþingi 2010. Lög nr. 123/2010, Skipulagslaglög.
8. Alþingi 2010. Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013.
9. Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson og Sölvi Björn Sigurðsson, 2001. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XV: Aðalskráning í Glæsibæjarhreppi III*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
10. Halldór G. Pétursson, 2011. *Efnisnám og efnistökmöguleikar á Eyjafjarðarsvæðinu*. Unnið fyrir Samstarfsnefnd um svæðisskipulag Eyjafjarðar. Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri.
11. Haukur Jóhannesson og Kristján Sæmundsson, 2009: *Jarðfræðikort af Íslandi. 1:600.000. Berggrunnur*. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík (1. útgáfa).
12. Hættumat vegna ofanflóða. Sótt 21.3.2012 á <http://www.vedur.is/ofanflod/haettumat/>
13. Hörður Kristinsson, 1999. *Gróður í nágrenni Skúta í Hörgárdal*. Unnið fyrir Sorpeyðingu Eyjafjarðar. Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri, 9 bls.
14. Landmótun 2008. *Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026*. Sveitarfélagið Hörgárbyggð.
15. Náttúrufræðistofnun Íslands.á.á. *Plöntuvefsjá*.
16. Náttúrufræðistofnun Íslands, 2000. *Válisti 2. Fuglar*. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
17. Náttúrufræðistofnun Íslands, 2008. *Endurskoðun á válistaflokkun háplantna*. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
18. Náttúruverndarráð,1996. *Náttúruminjasrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar*. (ritstj.) Kristján Geirsson. 7. útgáfa. Reykjavík, bls. 64.
19. Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998. *Fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi I*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
20. Ramsarsamningur um votlendi. Sótt 21.3.2012 á <http://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/157>
21. Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999.
22. Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999.
23. Samningur um líffræðilega fjölbreytni. Sótt á 6.3.2012 á http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Samningur-um-liffraedilega-fjolebreytni.pdf
24. Samvinnunefnd um svæðisskipulag, 2012. *Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024. Helstu forsendur, fylgirit með lýsingu skipulagsverkefnis*.
25. Skipulagsstofnun, 2005. *Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*.
26. Skipulagsstofnun, 2010. *Umhverfisskýrsla*, Leiðbeiningablað 11. (3.útg.).
27. Skipulagsstofnun, 2007. *Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana*.

28. Skipulagsstofnun, 2010. *Umfang og áherslur í umhverfismati, Leiðbeiningablað 10.* (2.útg.).
29. Staðardagskrá 21 fyrir Hörgárbyggð. www.horgarbyggd.is. Apríl 2006.
30. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika (2008).
31. Stjórnartíðindi 1978. *Auglýsing nr. 184/1978 um friðlýstar plöntutegundir.*
32. Stjórnartíðindi 2008. *Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.*
33. Tillögur um Vernd og endurheimt birkiskóga (2007).
34. Umferðarstofa. 2011. *Slysakort 2010.* <http://www.us.is/slysakort.html>.
35. Umhverfisráðuneytið 2002. *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.* Reykjavík.
36. Vegagerðin. 2008. *Uppbygging Vega. Almenn. Leiðbeiningar um Burðarþolshönnun.* [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Burðarþolsleiðbeiningar_vega-2008/\\$file/Burðarþolsleiðbeiningar_vega-2008.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Burðarþolsleiðbeiningar_vega-2008/$file/Burðarþolsleiðbeiningar_vega-2008.pdf).
37. Vegagerðin. 2010. *Umferðartalning árið 2010, árstalning.* <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/>.
38. Vegagerðin. 2011. *Þungaumferð á þjóðvegum.* Rannsóknar-og þróunarverkefni umferðardeildar Vegagerðarinnar í samvinnu við vegsýn og VSÓ ráðgjöf. Áfangaskýrsla 2. áfanga. [http://www.vegagerdin.is/Vefur2.nsf/Files/Thungaumf_thjodv-afangask2/\\$file/Thungaumf_%C3%BEjodv-afangask2.pdf](http://www.vegagerdin.is/Vefur2.nsf/Files/Thungaumf_thjodv-afangask2/$file/Thungaumf_%C3%BEjodv-afangask2.pdf).

Viðauki I Sniðmyndir af fyrirhugaðri grjótnámu



Núverandi land ———
 Ótgröfnn botn ———
 Fylling/Frágangur ———

DAGSETNING		NAFN	Skútaberg ehf	
skólar 2011		RB		
TÉKNIÐ		RB		
TÉKNIÐ		RB		
TÉKNIÐ		RB	Skútar Málarnáma Sniðmyndir	
SAMP.		MÁLKVÆÐI		ÓTGAFA
RB Mælingar ehf		12000		SKB-11-002
BILDRÖÐA 14 SWI 893 5544				skútar name
				B

A2

Viðauki II Tengsl grunnástands og umhverfisþátta ásamt umhverfisvísunum

Í þessari töflu má sjá yfirlit yfir núverandi umhverfisástand á skipulagssvæðinu í samhengi við viðfangsefni skipulagstillögunnar og hvernig það tengist einstökum umhverfisþáttum. Þá má sjá upplýsingar um umhverfisvísa sem eru mælikvarðar sem unnt er að nota til að skrá breytingar sem einnig geta nýst við umhverfisvöktun.

Núverandi ástand/forsendur	Markmið í tillögu	Umhverfisþáttur	Upplýsingar umhverfisvísar og
Núverandi landnotkun hefur ekki hamlandi áhrif á aðrar atvinnugreinar.	Að hagnýta efni með stækkun á efnistökusvæði til að mæta efnisþörf á Eyjafjarðarsvæðinu.	Samfélag	Þörf fyrir efni tiluppbyggingar í nágrenninu Áhrif á nágretta
Dýra-og fuglalíf telst sambærilegt við önnur svæði á Eyjafjarðarsvæðinu.	Stækkun efnistökusvæðis getur raskað búsvæðum villtra spendýra og fugla.	Vistkerfi	Válistar um dýr og fugla
Nokkuð gróið svæði með algengum gróðurlendum.	Stækkun efnistökusvæðis kallar á rask yfirborðs og gróðurs tímabundið.	Gróður	Útbreiðslukort plantna Válistar yfir plöntur Listar yfir sjaldgæfar tegundir
Þegar hefur jarðmyndunum verið raskað og gerðar rannsóknir á hagnýti efna af svæðinu.	Stækkun efnistökusvæðisins gerir ráð fyrir mikilli efnistöku á svæðinu sem eykur rask á jarðmyndunum.	Jarðmyndanir/jarðfræði	Jarðfræðikort Friðlýst svæði og önnur svæði á Náttúruminjaskrá sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd
Fornleifar eru skráðar innan skipulagssvæðisins.	Framkvæmda-og áhrifasvæði efnistökusvæðis er nálægt skráðum fornminjum.	Menningararfleifð	Kortlagning Fornleifastofnunar ses. á fornleifum í Glæsibæjarhreppi
Þegar er náma neðan við Moldhaugaháls	Stækkun efnistökusvæðis, byggingarreitir fyrir geymslusvæði og svæði fyrir efnislager.	Landslag og sjónrænir þættir	Myndir af breyttri ásýnd svæðis séð frá nokkrum sjónarhornum. Sniðmyndir af fyrirhugaðri námu
Nú þegar er efnistaka á svæðinu og umferð stórra ökutækja um Hringveg	Með stækkun efnistökusvæði eykst umferðarþungi stórra ökutækja. Nýjar vegtengingar á Hringveg.	Samgöngur	Mælingar vegagerðarinnar á umferð og slysatíðni á Hringvegi
Náttúruvá	Svæðið er ekki á hættusvæði vegna ofanflóða og uppblástur jarðvegs er lítil á svæðinu		Ríkjandi vindáttir kannaðar m.t.t. áhrifa á uppblástur og rof

